



Reykjavík, 28. 2. 2020  
Tilvísun: 2020010030/EBH

Matthildur Ásmundsdóttir  
Bæjarstjóri  
Sveitarfélgið Hornafjörður  
Hafnarbraut 27  
780 Höfn

**Efni: Ósk um umsögn vegna deiliskipulags við Reynivelli.**

Að undangengnu samráði við sveitarfélag og skipulagshöfunda gerir Vegagerðin eftirfarandi athugasemdir við innsent deiliskipulag.

Vegagerðin mælir með að aðeins verði ein tenging við þjóðveg til að þjónusta fyrirhugaða starfsemi.

Ófyrirséð er hvernig þróun á farvegi Fellsá verði næstu áratugi og hvernig álag á varnargarð ofan vegar verður. Ef flæðir yfir varnargarð eða hann brestur má búast við að vatn geti farið yfir skipulagsreit með fyrirhuguðum byggingum þar sem land er þar hvað lægst. Staðsetning mannvirkjanna er því ekki æskileg sé tekið tillit til aðstæðna á svæðinu.

Hugmyndir eru uppi um að leggja nýjan veg frá brú yfir Fellsá í átt að Breiðabólssstað. Þannig má stytta leiðina með betri veglinu og auka umferðarárþyrggi. Samráð hefur verið við sveitarfélag og skipulagshöfunda vegna þessa.

Vegagerðin óskar eftir frekara samráði vegna staðsetningar fyrirhugaðrar uppbyggingar m.t.t. vatnafars og hugmynda um breytta veglinu.

Virðingarfyllst,

Erna Bára Hreinsdóttir,  
forstöðumaður Skipulagsdeildar